

Taugasálfræðilegt mat á minnismóttöku Landspítala

Neuropsychological assessment

Pegar minnið svíkur

Með aldrinum finnur fólk oft fyrir breytingum á minni og einbeitingu. Einnig geta komið fram erfiðleikar við að finna orð í samræðum eða við að þekkja fólk á götu, svo eitthvað sé nefnt. Algengt er að fólk leiti til minnismóttökunnar á Landakoti með kvartanir af þessu tagi. Stundum er mælt með svokallaðri taugasálfræðilegri skoðun. Með henni er til dæmis hægt að greina meinlausar minnistrufanir og alvarlegri minnistrufanir sem geta verið af völdum sjúkdóma.

Undirbúningur

Mikilvægt er að hafa lesgleraugu meðferðis. Þeir sem nota heyrnartæki ættu að taka þau með sér. Að öðru leyti þarf ekki að undirbúa sig sérstaklega fyrir skoðunina.

Framkvæmd

Rannsóknin fer fram á minnismóttökunni á Landakoti. Sálfræðingur framkvæmir skoðunina. Hann er með sérmenntun í áhrifum sjúkdóma og hækkandi aldurs á heilann og starfsemi hugans. Enginn annar er viðstaddur og undantekning ef aðstandandi er með.

Miðað er við að skoðunin taki 90-120 mínútur. Lengri tími er gefinn ef þörf er á. Oftast nægir ein heimsókn til að hægt sé að ljúka matinu.

Verkefni sem lögð eru fyrir

Sálfræðingurinn leggur fyrir margs konar verkefni til að skoða ýmsa þætti hugsunar, svo sem minni, athygli og mál. Þessi verkefni eru fjölbreytt og oft þykir fólki gaman að spreyta sig á þeim. Sumir óttast að þeir muni ekki ráða við verkefnin, en það eru óþarfa áhyggjur. Einungis eru notuð verkefni sem flestir eiga að geta nokkuð mikið í. Mikilvægt er að leggja sig vel fram til að áreiðanlegar niðurstöður fáiist.

Eins og með allar aðrar rannsóknir er enginn neyddur til þess að taka þátt í taugasálfræðilegu mati og er samþykki nauðsynlegt. Alltaf er hægt að draga samþykki sitt til þátttöku til baka.

Niðurstöður

Niðurstöður skoðunarinnar eru sendar þeim lækni sem bað um rannsóknina. Læknirinn notar þær til að aðstoða við hugsanlega sjúkdómsgreiningu.

Símanúmer

Ef spurningar vakna er velkomið að hafa samband við minnismóttöku Landakots í síma: **543 9900**.